

Alþingi  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 09. apríl 2008

Tilvísun 2008030034/BK/--

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/2138**  
**komudagur 10.4.2008**

**Efni: Umsögn: Frumvarp til byggingarlaga, 434. mál, nýting lands til heræfinga**

Brunamálastofnun gerir að svo stöddu enga athugasemd við frumvarp um breytingar á lögum um skipulags- og byggingarmál skv 434. máli; nýting lands til heræfinga.

Virðingarfyllt

  
Björn Karlsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/2090  
komudagur 9. 4. 2008

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)


Akureyri 7. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **frumvarp til skipulags- og byggingalaga**, 434. mál, nýting lands til heræfinga. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur undir sjónarmið sem fram kemur í 1. grein frumvarpsins um samþykki sveitarstjórnar fyrir heræfingum. Stjórnin leggst hins vegar gegn 2. grein frumvarpsins og telur það vera á valdi sveitarstjórnar hvort og þá hvar hún leitar umsagnar.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson  
framkv.stjóri

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135 / 2172*  
*komudagur 11.4. 2008*

Reykjavík, 10. apríl 2008

**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis, dags. 13. mars 2008 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, 434. mál, nýting lands til heræfnga.


**Almenn umsögn**

Að mati Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er um þarfa viðbót við lögina enda geta heræfingar haft í för með sér umtalsverða mengun og röskun fyrir umhverfið. Það er skoðun félagsins að ennfremur þurfi að koma til breyting á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun með síðari breytingum, þar sem heræfingar verði gerðar starfsleyfis- og eftirlitsskyldar.

**Umsögn um einstakar greinar**

Gr. 1: Að mati félagsins skyldi viðbót við 2.mgr. 3. gr. laganna hljóða svo: "Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um hvort heræfingar verði samþykktar á viðkomandi stað ***að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar***". Nauðsynlegt er að heilbrigðisnefnd hafi aðkomu svo það unnt sé að fá faglega úttekt áður en ákvörðun er tekin.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,

  
Svava Svanborg Steinarsdóttir,  
formaður.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/2211  
komudagur 14.4.2008

**FÍN**  
Félag íslenskra  
náttúrufræðinga



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2008

**Umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga um frumvarp til laga um breytingu á skipulags og byggingarlögum nr. 73/1997, 434 mál, nýting lands til heræfinga.**

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis dagsett 13. mars 2008 þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn, um frumvarp til laga um breytingu á skipulags og byggingarlögum nr. 73/1997, 434 mál.

FÍN gerir ekki athugasemdir við þetta lagafrumvarp.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

---

Páll Halldórsson, formaður FÍN

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/2170**  
**komudagur 11.4.2008**

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi  
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um 434. mál, frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Umsögn stjórnar félagsins fer hér að neðan.

Markmið skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er meðal annars að tryggja varðveislu náttúruverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Heræfingar geta haft neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru, m.a. í formi hávaðamengunar, jarðvegs- og vatnsmengunar eða annars mögulegs skaða. Mikilvægt er að við val á svæðum til heræfinga sé hugað að því hversu viðkvæm þau svæði eru. Þátttaka sveitarstjórna í ákvörðunum færir vald heim í hérað þar sem aðrar mikilvægar ákvarðanir sem snerta íbúa eru teknar. Slík þátttaka getur einnig auðveldað aðgengi almennings að upplýsingum. Slíkt getur í sumum tilvikum skilað sér í aukinni árverkni í umhverfismálum, en það er þó alls ekki sjálfgefið.

Athugasemdir við einstakar greinar:


1. gr.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga telur breytingar á 3. gr. laganna óþarfar.

2. gr.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga álitur að tillaga um viðbót við 27. gr. laganna geti stuðlað að aukinni umhverfis- og náttúruvernd á svæðum sem valin eru fyrir heræfingar, og fagnar sérstaklega þeim kröfum sem gerðar eru á leyfishafa um afmörkun svæðis, grunnvatnsvernd, upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu og frágang svæðis. Eðlilegt er að krefjast þess að leyfishafi skili æfingasvæðinu í sama ástandi og þegar að var komið.

F.h. stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi

  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2295**  
**komudagur 18.4.2008**

**HVALFJARÐAR**  
**SVEIT**



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrimel 3  
301 Akranes  
Sími: 433 8500  
Fax: 433 8501  
Kt. 630606-1950

16.04.2008

s. 1/1

50.11/IBE

**Frumvarp til laga frá Samgöngunefnd Alþingis.**

Á 45. fundir sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 15. apríl var eftirtalið frumvarp lagt fram til umsagnar.

Frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum 434. mál.

Eftirfarandir bókun var gerð.

*- 6. liður, frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Formanni og Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar kemur fram að hún gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Sveitarstjórn gerir heldur enga athugasemd.*

Umsögn er hjálögð.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju

**Hvalfjarðarsveit**  
**Ingibjörg Birna Erlingsdóttir**  
ritari/ afgreiðslufulltrúi

[ingabirna@hvalfjardarsveit.is](mailto:ingabirna@hvalfjardarsveit.is)



**Umsögn skipulags og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar um frumvarp til laga um breytingu á skipulags og byggingarlögum.**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskaði eftir því að skipulags og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar gæfi umsögn um framangreint lagafrumvarp.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Hvalfjarðarsveit 11. apríl 2008  
fh. skipulags- og byggingarnefndar.  
Skúli Lýðsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hvalfjarðarsveitar.

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2171  
komudagur 11.4.2008



2008030063  
9140

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2008

/--

**Efni: Umsögn um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, 434. mál.**

Vísað er til erindis, dags. 14. mars. 2008, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun bendir á að í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur fram að afla skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla laganna.

Að mati Skipulagsstofnunar verður ekki séð að heræfingar muni hafa óafturkræf áhrif á umhverfið eða breytingu á ásýnd þess, þegar ekki er um breytingu lands með jarðvegi, efnistöku og mannvirkjum háttáð, og því ljóst að ekki væri alltaf um framkvæmdarleyfis skyldar framkvæmdir að ræða. Skipulagsstofnun leggur því til að 2. gr. frumvarpsins verði felld út, en 1. gr. hljóði svo:


*Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um hvort heræfingar verði samþykktar á viðkomandi stað. Sveitarstjórn getur bundið samþykkt sína skilyrðum svo sem varðandi tímafresti, afmörkun svæðis, upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu, grunnvatnsvernd, æflingatíma og frágangi svæðis.*

*Ákvæði 27. gr. og IV. kafla laga þessara skulu halda sér að öðru leyti gagnvart þeim framkvæmdum er heræfingum kunna að fylgja.*

  
Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson



**Alþingi**  
Erindi nr. P 135/2139  
komudagur 10.4.2008



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 9. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300088/tb


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nýting lands til heræfinga.**

Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun Alþingis, dags. 13. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, 434., nýting lands til heræfinga. Lagt er til að á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi: Notkun lands til heræfinga, þ.m.t. til lágflugsæfinga, utan varnar- og öryggissvæða er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að fenginni umsögn viðkomandi svæðisskipulagsnefndar. Framkvæmdaleyfi vegna slíkra æfinga skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir afmörkun svæðis, upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu, grunnvatnsvernd, æfingatíma og frágangi svæðis.

Í 27. grein skipulags- og byggingarlaga segir: *Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.* Umhverfisstofnun telur að ef fyrirhugaðar heræfingar falli undir þetta ákvæði og séu líklegar til að hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess þá sé eðlilegt að þær séu framkvæmdaleyfisskyldar eins og aðrar framkvæmdir.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Förstjóri

  
Trausti Baldursson